

# **Samningur**

**mennta- og menningarmálaráðuneytis  
við Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar  
um framkvæmd þáttöku í Feneyjatvíæringnum 2017 og ráðstöfun  
styrktarframlags í fjárlögum**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og ráðuneyti og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, kt. 490305-1220, í samningi þessum nefnt KÍM, gera með sér svofelldan samning.

## **1. Markmið og starfsemi**

### **1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:**

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti styðji við þáttöku Íslands í Feneyjatvíæringnum 2017 og að KÍM taki að sér að skipuleggja og bera ábyrgð á verkefninu.

### **1.2. Starfsemi**

- KÍM sér um að skipuleggja og bera ábyrgð á verkefninu sem felur m.a. í sér eftirfarandi verkþætti:
  - 1.2.1 val á listamanni til þáttöku,
  - 1.2.2 gerð samnings við listamanninn um þáttökuna og fjárframlag vegna hennar,
  - 1.2.3 ráðgjöf og aðstoð við gerð listaverka og búnað í sýningarsal og önnur atriði sem upp kunna að koma við framkvæmd verksins,
  - 1.2.4 samskipti við sýningarstjórnendur í Feneyjum og umsjónarmenn sýningarsvæðis,
  - 1.2.5 leigu á sýningarrými og aðstöðu í því þ.m.t. gæsla, þrif og annar rekstur,
  - 1.2.6 umsjón með flutningi á listaverkum, þ.m.t. samningar við flutningsaðila og kaup á vátryggingum vegna flutnings og á sýningarstað,
  - 1.2.7 kynningarmál þ.m.t. gerð kynningarefnis fyrir fjölmíðla, annað kynningarefni, boðskort, umsjón með prentun og dreifingu og samskipti við fjölmíðla,
  - 1.2.8 skipulagningu á opnunarmóttöku í sýningarsal og öðrum móttökum í tengslum við opnun sýningarinna,
  - 1.2.9 fjárhagslega ábyrgð, öflun styrktaraðila og gerð samninga við þá,

- Samkvæmt reglum tvíæringsins í Feneyjum skipar mennta- og menningarmálaráðherra framkvæmdastjóra fyrir þáttöku Íslands (e. commissioner) fyrir þáttöku Íslands og skal hann vera starfsmaður ráðuneytisins. Framkvæmdastjóri Kynningarmiðstöðvarinnar KÍM verður aðstoðarframkvæmdastjóri (e. co-commissioner). Þrátt fyrir þessa skipan mála ber KÍM ábyrgð á framkvæmd verkefnisins sbr. lið 1.2.

## **2. Forsendur samnings og lagaheimildir**

- 2.1. Framlag ráðuneytisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs og er það 12 m.kr. árið 2016.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál og við Alþingi. Það mun leggja til við fjárlagagerð að árlegt framlag til samningsins út samningstímann verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að KÍM standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhalðsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á KÍM ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.
- 2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 2.4. KÍM starfar samkvæmt skipulagsskrá dags. 16. mars 2004.
- 2.5. KÍM starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

## **3. Ábyrgð**

- 3.1. KÍM ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. KÍM skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. KÍM ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. KÍM er óheimilt að:
  - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárvkuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

## **4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála**

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í tveimur jöfnum greiðslum, 1. febrúar og 1. apríl. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka KÍM.
- 4.2. KÍM skilar inn til ráðuneytisins:
  - 4.2.1. Áætlun um rekstur verkefnisins ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. heildarumfang, hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok 1. júlí 2016.
  - 4.2.2. Skýrslu um framkvæmd verkefnisins ásamt fjárhagsuppgjöri fyrir 1. júní 2018.
- 4.3. Eigi KÍM í viðskiptum við lögaðila sem hún á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda henna, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

## **5. Upplýsingar , samskipti og eftirlit vegna verkefna**

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og KÍM funda að lágmarki árlega um samninginn.
- 5.3. KÍM lætur ráðuneytinu í té upplýsingar sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.4. KÍM veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum

- að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.5. Samning þennan, ársreikning KÍM með uppgjöri og greinargerð um framkvæmd samnings skal birta á vef KÍM jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.6. KÍM setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir starfsemi hans, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.


## 6. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 6.1. KÍM tilkynnir ráðuneytinu tafarlaus ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem KÍM hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli KÍM ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2017.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir að gildistími samningsins lýkur skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 19. maí 2016

  
Karitas H. Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri

  
Björg Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri  
KÍM